

Nr. 097 / 10 Stígandi VE 77 / Jón Páll BA 133**Árekstur á miðunum****Stígandi VE 77**

Skipaskr.nr. 1664
 Smíðaður: Tczew Póllandi 1988, stál
 Stærð: 113,7 brl. 237,2 bt.
 Mesta lengd: 28,9 m Skráð lengd: 26,53 m
 Breidd: 7 m Dýpt: 5,7 m
 Vél: Caterpillar 760 kW, 1998
 Fjöldi skipverja: 10



Stígandi ©Hilmar Snorrason

Jón Páll BA 133

Skipaskr.nr. 2093
 Smíðaður: Blönduósi 1990, plast
 Stærð: 9,6 brl. 14,5 bt.
 Mesta lengd: 12,27 m Skráð lengd: 11,27 m
 Breidd: 3,69 m Dýpt: 1,9 m
 Vél: Volvo Penta 175 kW, 1990
 Fjöldi skipverja: 1



Jón Páll ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júlí 2010 voru Jón Páll BA 133 og Stígandi VE 77 á siglingu um sjö sml. vestur af Blakksnesi. Veður: Logn og heiðskírt.

Stígandi VE var á leið á miðin en Jón Páll BA á landleið til Patreksfjarðar þegar þeir rákust lítillaga saman. Stígandi VE sigldi á afturhorn bátsins stjórnborðsmegin en litlar skemmdir urðu og skipin héldu áfram ferðum sínum. Við skoðun á Jóni Páli BA kom í ljós lítil ákoma sem ekki reyndist ástæða til að gera sérstaklega við.

Við rannsókn kom fram:

- að Jón Páll BA hafði verið um tíma á stefnu r/v 120° og um 8 hnúta hraða. Bátsverjinn hafði bátinn á sjálfstýringu og var sjálfur út á þilfari við þrif. Hann kvaðst hafa litið reglulega fram eftir bátnum og aðgætt um siglinguna án þess að hafa orðið var við Stíganda VE. Eftir þrifin sagðist hann hafa farið í stýrishús og orðið þá var við skipið nálgast sig

stjórnborðsmegin. Hann hefði þá sett olúgjöf í botn og reynt að forða árekstri. Stígandi VE lenti aftast á Jón Pál BA og við höggið hallaðist báturinn talsvert og lestað fiskikar aftast á þilfari losnaði;

- að stjórnandi Stíganda VE kvaðst hafa fylgst með Jóni Páli BA um tíma á bakborða og talið að hann myndi víkja. Þegar hann sá í hvað stefndi sagðist hann hafa sett á fulla ferð aftur á bak og taldi sig hafa forðað því að ekki fór ver. Hann sagði skipið hafa verið á um 8-9 hnúta ferð á siglingunni en náð ferð þess vel niður við þessa aðgerð;
- að stjórnandi Stíganda VE gaf ekki hljóðmerki til að vekja athygli á sér.

Nefndarálit:

Orsök árekstursins er sú að Jóni Páli BA var ekki siglt samkvæmt siglingareglum. Þá bendir nefndin á að varðstöðu á báðum skipunum var ábótavant og ekki allt gert sem hægt var til að forða árekstri.